

Dags eftirlits	4.5.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Fagradalsbleikja ehf.	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Fagradal	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	490689-2149	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Jónas Erlendsson	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Ragnhildur Jónsdóttir	Staðsetning	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust í eftirliti en þrjár ábendingar voru gerðar.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Eftirlitið hófst á fundi. Mætt voru Jónas Erlendsson og Ragnhildur Jónsdóttir frá Fagradalsbleikju og Gottskálk Friðgeirsson frá Umhverfisstofnun.

### Dagskrá:

1. Staða frávíka og ábendinga síðustu ára.
2. Olíumannvirki. Skráning olíugeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.
3. Farið yfir kröfur sem gerðar eru til starfseminnar.
4. Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu - áhættumat 2021
5. Önnur mál, atvik, breytingar, óhöpp og kvartanir
6. Skoðun á búnaði og lóð.

1. Sest var niður með rekstraraðilum. Eitt opið frávik er frá eftirliti síðasta árs og snýr að skráningu á úrgangi og efnanotkun. Rekstraraðili hefur brugðist við og skráir afföll, fóðurmagn og fóðurgerð og heldur til haga afriti af kvittunum fyrir innkaupum. Verktaki á vegum sveitafélagsins Mýrdalshreppi tæmir setþró í frárennsli stöðvarinnar en illa hefur gengið að fá kvittanir fyrir því. Verklagi verður breytt og mun rekstraraðili sjálfur sjá um tæmingu setþróar með haugsugu, skrá magn og dreifa sem áburði á úthaga. Annar úrgangur svo sem málmur, timbur og plast fer rekstraraðili sjálfur með á gámastöð sveitarfélagsins og skráir magntölur. Því telst opnu frávik frá síðasta eftirliti lokað og engin opin frávik eru því vegna fiskeldis Fagradalsbleikju.

2. Engir olíugeymar eru í fiskeldinu né á búinu. Allt vatn er sjálfrennandi og því eru varaafstöðvar óparfar. Rafmagn er framleitt á staðnum í heimavatsaflsstöð og vatn frá vatnsaflsstöðinni er síðan tekið inn í fiskeldið. Stöðvarstjóri ekur um á rafdrifnum bíl.

3. Rekstraraðili er með þrjú starfsleyfi sem öll gilda til 2022. Starfsleyfi fiskeldisins er á forræði Umhverfisstofnunar en starfsleyfi fyrir fiskvinnslu og vatnsból eru hjá heilbrigðisnefnd Suðurlandssvæðis. Bent var á að ef halda á áfram óbreyttri starfsemi þá þarf fljótt að hefja umsóknarferli um nýtt starfsleyfi.

Starfsleyfið setur kröfur um að skriflegar áætlanir liggi fyrir. Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar, viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa og neyðaráætlun vegna massadauða í stöðinni. Skoðaðar voru áætlanir rekstraraðila og kom eftirlitsaðili með ábendingar um það sem betur mætti fara. Áætlanir verða sendar á [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is) eftir uppfærslu.

Mælingum í frárennsli stöðvarinnar hefur verið skilað til stofnunarinnar. Ekki er mælanlegur munur á vatni sem tekið er inn í stöðina (sýnataka við vatnsaflsstöð) og vatns í frárennsli, hvorki í útrennsli frá kerjum eða við útfall í viðtaka (Kerlingadalsá).

Farið var yfir formúlu Wang sem er notuð til þess að reikna út losun fosfórs og köfnunarefnis út frá fóðurmagni og framleiðslumagni. Rekstraraðili ætlar að meta losun í viðtaka út frá útreiknuðum tölum þar sem mælingar gefa ekki marktækan mun.

Farið var yfir kröfur núgildandi starfsleyfis, kröfur til heilbrigðs vatns, mat á losun efna í viðtaka, varnir gegn því að fiskur sleppi úr stöðinni eða geti synt inn í stöðina. Kröfur til skráninga á innkaupum fyrir stöðina, skráninga á magni fargaðs eða endurnýtt úrgangs og skráningar á óhöppum eða kvörtunum vegna stöðvarinnar.

4. Farið var yfir áhættumatið um hversu oft skal koma í eftirlit í stöðina. Tíðni eftirlitsferða getur verið allt frá eftirliti á þriggja ára fresti og upp í tvö eftirlit á ári. Uppfært áhættumat verður sent rekstraraðila öðru hvoru við næstu áramót.

5. Reksturinn hefur verið óbreyttur í mörg ár, framleiðslan á bleikju í matarstærð (ca. 800 gr.), allt að 5 tonn á ári.

Engin óhöpp hafa orðið og engar kvartanir borist vegna starfseminnar.

Ekki er fyrirhugað að breyta rekstrinum þegar sótt verður um nýtt starfsleyfi. Engin lyf eru notuð við framleiðsluna og

formalín aldrei verið notað. Einu efnin sem notuð eru sápa og sóttreinsandi efni sem notuð eru til þrifa á milli eldishópa.

Fráviki frá 2018 var lokað með málslokabréfi þann 18. janúar 2019.

Fráviki um skráningar frá 5. júní 2020 er lokið.

Eins og áður hefur komið fram er rekstraraðila ekki gert að taka ábyrgðartryggingu vegna varna gegn mengunar hafs og stranda.

6. Farið var í skoðun í stöðinni og eru ekki gerðar athugasemdir.

#### ÁBENDINGAR

1. Rekstraraðila er bent á að sækja þarf um nýtt starfsleyfi fljótlega er fyrirhugað er að halda rekstrinum áfram.
2. Rekstraraðila er bent á að senda Umhverfisstofnun uppfærðar áætlanir um frágang vegna rekstrarstöðvunar, neyðaráætlun og viðbragðsáætlun.
3. Rekstraraðila er bent á að reikna út losun næringarefna í viðtaka (formúla Wang) og skila til stofnunarinnar.

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 11.08.2021



Gottskálk Friðgeirsson